HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

RBF

Fréttabréf

September 2011

Prófessor Sigrún Júlíusdóttir hlaut heiðursverðlaun NSHK

Heiðursverðlaun NSHK (Nordisk Sosialhøgskolekomité) voru afhent við hátíðlega athöfn við lok ráðstefnunar *Welfare and professionalism in Turbulent Times Nordic Conference* sem haldin var í Reykjavík 11.-13. ágúst 2011.

Welfare and Professionalism in Turbulent Times. Norræn ráðstefna í Reykjavík, 11.-13. ágúst 2011

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd tók þátt í ráðstefnunni, sem og kennarar úr félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Meðfylgjandi er slóð á ráðstefnuna.

http://gestamottakan.is/welfare2011/program.html

Styrkur úr Forvarnarsjóði

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd hlaut tvo styrki úr Forvarnarsjóði:

- *Gegn ofbeldi: Fræðsla til fagfólks um ofbeldi, viðtalstækni og viðbrögð* hlaut 400.000 króna styrk.
- *Gegn ofbeldi: Bæklingur um ofbeldi í nánum samböndum* hlaut 500.000 króna styrk.

Ráðstefna um kynbundið ofbeldi

Jafnréttisstofa, Velferðarráðuneytið, Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við HÍ og Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi við HA efndu til ráðstefnu um kynbundið ofbeldi þann 1.júní 2011. Ráðstefnuna sóttu rúmlega 100 manns. Sjónum var beint að kynbundnu ofbeldi sem alvarlegu heilbrigðisvandamáli og fólki úr heilbrigðisstéttum var sérstaklega boðið að taka þátt í deginum.

Zero Tolerance on Domestic Violence
Þann 14. júní 2011 sóttu þær Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri RBF og Ásdís Arnalds verkefnisstjóri, ráðstefnu um heimilisofbeldi í Brussel. Á ráðstefnunni öðluðust þær dýpri þekkingu á ofbeldi í nánum samböndum, komust í kynni við fagfólk er hefur rannsakað eða mótað stefnu um heimilisofbeldi og fengu tækifæri til að kynna rannsóknir RBF um ofbeldi í nánum samböndum. Meðfylgjandi er slóð á grein sem Elísabet og Ásdís skrifuðu í kjölfar þátttökunnar:

http://visir.is/tokum-hondum-saman---utrymum-ofbeldi-gegn-konum/article/2011706309981

Heimsókn til CRFR í Edinborg
Dagana 15. – 20. júní 2011 dvöldu Elísabet Karlsdóttir og Ásdís Arnalds í Edinborg. Þær höfðu aðsetur á rannsóknastofnun sem ber heitið *Centre for Research on Families and Relatiohships* og er systurstofnun RBF. Elísabet og Ásdís funduðu með starfsfólki stofnunarinnar til þess að kynnast rannsóknum þeirra og auk þess sóttu þær málþing á vegum stofnunarinnar um hvernig hægt er að nýta fjölskyldurannsóknir í umhverfisvernd .

Minnum á nýstofnaðan Rannsókna- og þróunarsjóð RBF

Margt smátt gerir eitt stórt – öll framlög vel þegin.
Reikningur nr. 0526-26-391832.
Kennitala: 640507-0390

Starfið framundan
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd hefur gert með sér samstarfssamning við endurmenntun Háskóla Íslands. Samningurinn er til eins árs felur í sér sameiginlegt námskeiðshald.

Framkvæmdanefnd
Sigrún, Halldór og Elísabet